

Mál nr. 31/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Slysátrygging launþega.

Nafn vátryggingartaka (X)

Slyshugtak vátryggingaréttar.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 21. janúar 2022 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 9. febrúar 2022 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 21. janúar 2021 hafi M, er hann var að störfum fyrir X, orðið fyrir líkamstjóni. Atvik hafi verið þau að M hafi legið á maganum í vinnulyftu og verið að teygja sig inn á húspak sem hann var að vinna við, þegar snerist upp á vinstri fót hans. Hafi M þá fundið fyrir smelli í hnénu og miklum verkjum í kjölfarið. Í skýrslu X til V, dags. 23. mars 2021, komi fram að M hafi verið í öryggisbelti og festur við lyftuna. Hann hafi verið að teygja sig inn á þakið og „þá hafi eitthvað komið fyrir hann í öðru hnénu.“ V hafi, með bréfi dags. 10. maí 2021, hafnað bótaskyldu úr slysátryggingu launþega á grundvelli þess að umrætt atvik félli ekki innan slyshugtaks skilmála vátryggingarinnar, þ.e. ekki hefði verið um skyndilegan, utanaðkomandi atburð að ræða. M fellir sig ekki við þá afstöðu enda bendi ekkert til þess að innri veikleiki hafi orsakað meiðsli M og sé þau því ekki að rekja til undirliggjandi sjúkdóms eða meinsemda. Líkami vátryggðs þurfi að verða fyrir áhrifum frá hlutum eða atvikum utan við hann svo um slys í skilningi vátryggingarskilmálanna sé að ræða en hins vegar sé nægilegt að líkami vátryggðs sé hið eina sem er á hreyfingu, eins og t.a.m. þegar um fall er að ræða. Sá skyndilegi og utanaðkomandi atburður sem hér um ræði hafi verið sá að skyndilega snerist upp á fótlegg M á ófyrirséðan hátt þegar hann færði sig til.

Í bréfi V kemur fram að félagið telji ósannað að meiðsli M verði rakin til slyss, sbr. 2. gr. skilmála vátryggingarinnar, þ.e. skyndilegs utanaðkomandi atburðar en sönnunarbyrði þess hvíli á M. Liggi þannig ekkert fyrir um að meiðsli M verði rakin til utanaðkomandi atburðar á við högg eða fall. Líkamstjón M verði aðeins rakið til þess að eitthvað gaf sig í vinstra hné hans þegar hann sneri upp á það en umrætt hné hafi verið veikt fyrir þar sem öll liðbönd þess, utan aftara krossbands, hafi slitnað á árinu 2006. Sé því um að ræða innri meiðsli sem rakin verði til rangrar líkamsbeitingar og/eða ofreynslu og álags.

Álit.

Í 2. gr. viðeigandi vátryggingarskilmála er hugtakið slys skilgreint með þeim hætti að um sé að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs, og gerist sannanlega án vilja hans. Í fyrirbyggjandi tilkynningum til Vinnueftirlitsins, dags. 11. febrúar 2021, skýrslu X til V, dags. 23. mars 2021, og tilkynningu til Sjúkrátrygginga Íslands, dags. 16. mars 2021, er umræddu atviki lýst svo að M hafi verið að teygja sig úr vinnulyftunni og inn á þakið þegar eitthvað kom fyrir hann í öðru hnénu. Verður ekki ráðið af þessum lýsingum eða öðrum fyrirbyggjandi gögnum að utanaðkomandi atvik eða atburður hafi haft áhrif á þá athöfn M að teygja sig inn á þakið, eða að aðstæður hafi með einhverjum hætti truflað þá hreyfingu hans. Það að eitthvað small í hné M við þá hreyfingu telst ekki til utanaðkomandi atburðar og verður því að telja þau meiðsli sem af hlutust rakin til þess að eitthvað hafi brostið innan líkama hans. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni er því ekki sýnt fram á að um hafi verið að ræða slys í skilningi skilmálaákvæðisins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 22. mars 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir